

Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 10. apríl 2026 í máli nr. E-23/2024:

Harpa Harðardóttir,
Hallfríður Ragúelsdóttir
Gígja Harðardóttir
Guðríður H Benediktsdóttir
Gunnlaugur Kristinn Hreiðarsson
Jónína Sturludóttir
Soffía Hrönn Gunnarsdóttir
Ívan Jökull Pallé
Jóna Ragnhildur Ragúelsdóttir
Vigdís Unnur Gunnarsdóttir
Rannveig Ragúelsdóttir
Þórir Bergmundsson
Helgi Már Hreiðarsson
Stígur Arnórsson
Írena Hlín Júlíusdóttir
Frímann A Sturluson
Ásthildur Gunnarsdóttir
Davíð Arnar Stefánsson
Stefán Hagalín Ragúelsson
Bergþóra Bergmundsdóttir
Freyja Haraldsdóttir
Jóna Benediktsdóttir
Svanfríður Arnórsdóttir
Hrafnhildur Ragnarsdóttir
Hjalti Allan Sverrisson
Stefán Jökull Stefánsson
Björk Sverrisdóttir
Guðný Jórunn Gunnarsdóttir
Stígur Haraldur Sturluson
Elfa Dís Arnórsdóttir
Elfa Björk Benediktsdóttir
Hrefna Rósinbergisdóttir
Andrea Sigrún Harðardóttir
Stígur Stígsson
Guðmundur Bjartur Júlíusson
Birna Guðrún Sverrisdóttir
Jóhann Valdimarsson
Iðunn Haraldsdóttir
Halldór Gunnarsson
Halldís Gunnarsdóttir og
Frímann Benediktsson
(Ólafur Björnsson lögmaður)
gegn
íslenska ríkinu
(Sigurgeir Valsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 26. febrúar sl., var höfðað 29. febrúar 2024.

Harpa Harðardóttir, kt. [...], [...]. Hallfríður Ragúelsdóttir, kt. [...], [...], Gígja Harðardóttir, kt. [...], [...], Guðríður H Benediktsdóttir, kt. [...], [...], Gunnlaugur Kristinn Hreiðarsson, kt. [...], [...], Jónína Sturludóttir, kt. [...], [...], Soffía Hrönn Gunnarsdóttir, kt. [...], [...], Ívan Jökull Pallé, kt. [...], [...], Jóna Ragnhildur Ragúelsdóttir, kt. [...], [...], Vigdís Unnur Gunnarsdóttir, kt. [...], [...], Rannveig Ragúelsdóttir, kt. [...], [...], Þórir Bergmundsson, kt. [...], [...], Helgi Már Hreiðarsson, kt. [...], Stígur Arnórsson, kt. [...], [...], Írena Hlín Júlíusdóttir, kt. [...], [...], Frímann A. Sturluson, kt. [...], [...], Ásthildur Gunnarsdóttir, kt. [...], [...], Davíð Arnar Stefánsson, kt. [...], [...], Stefán Hagalín Ragúelsson, kt. [...], [...], Bergþóra Bergmundsdóttir, kt. [...], [...], Freyja Haraldsdóttir, kt. [...], [...], Jóna Benediktsdóttir, kt. [...], [...], Svanfríður Arnórsdóttir, kt. [...], [...], Hrafnhildur Ragnarsdóttir, kt. [...], [...], Hjalti Allan Sverrisson, kt. [...], [...], Stefán Jökull Stefánsson, kt. [...], [...], Björk Sverrisdóttir, kt. [...], [...], Guðný Jórunn Gunnarsdóttir, kt. [...], [...], Stígur Haraldur Sturluson, kt. [...], [...], Elfa Dís Arnórsdóttir, kt. [...], [...], Elfa Björk Benediktsdóttir, kt. [...], [...], Hrefna Rósinbergisdóttir, kt. [...], [...], Andrea Sigrún Harðardóttir, kt. [...], [...], Stígur Stígsson, kt. [...], [...], Guðmundur Bjartur Júlíusson, kt. [...], [...], Birna Guðrún Sverrisdóttir, kt. [...], [...], Jóhann Valdimarsson, kt. [...], [...], Iðunn Haraldsdóttir kt. [...], [...], Halldór Gunnarsson, kt. [...], [...], Halldís Gunnarsdóttir, kt. [...], [...], Frímann Benediktsson, kt. [...], [...],

Stefndi er íslenska ríkið, kt. [...], [...].

Stefnendur krefjast þess *ad allega* að felldur verði úr gildi að hluta úrskurður óbyggðanefndar frá 30. ágúst 2023 í máli nr. 8/2021, „Sléttuhreppur og norðanverður Grunnavíkurreppur“, þess efnis að svokallað Hornbjarg, er tilheyri jörðinni Horni, lnr. 189029, sé þjóðlendi, þ.e. eftirtalið landsvæði:

„Upphafspunktur er í Hornkletti við sjó. Þaðan bein lína til fjalls á bjargbrún við Núp. Þaðan er bjargbrún Hornbjargs fylgt til suðurs að vörðu á Sigmundarhjalla í Almanningaskarði. Þaðan bein lína til sjávar og svo eftir ströndinni norður að upphafspunkti í Hornkletti.“

Þess er því krafist að viðurkennt verði með dómi að enga þjóðlendu sé að finna á framangreindu svæði.

Til vara krefjast stefnendur þess að viðurkenndur verði hefðbundinn afnotaréttur stefnanda af Hornbjargi innan þjóðlendu.

Þá er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu, bæði í aðal- og varakröfu, í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnendur hafi gjafsókn í málinu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar í samræmi við málskostnaðarreikning eða að mati dómsins.

Helstu málsatvik.

Almennt.

Með bréfi 27. nóvember 2019 tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðherra ákvörðun um að taka til umfjöllunar landsvæði á Vestfjörðum, sem m.a. nær yfir Horn, á grundvelli laga nr. 58/1998 um þjóðlendu. Stefnendur eru eigendur jarðarinnar og óumdeilt er að hún telst eignarland í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

Fyrir óbyggðanefnd krafðist fjármála- og efnahagsráðherra þess fyrir hönd íslenska ríkisins að viðurkennt yrði að land innan tiltekinna kröfupunkta yrði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðanna. Hvað Horn varðar var um að ræða Hornbjarg, sbr. eftirfarandi kröfupunkta:

Upphafspunktur er á bjargbrún í 100 m hæð við Horn (1). Þaðan beint til sjávar og ræður sjór mörkum í punkt fyrir neðan Almenningsskarð (2). Þaðan sjónhending beint í bjargbrún og eftir bjargbrúninni í upphafspunkt.

Stefnendur kröfðust þess að viðurkenndur yrði beinn eignarréttur landeigenda að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt yrði að heildarlandamerki jarðarinnar væru samkvæmt eftirfarandi heimildum, sbr. framlagt kröfulínukort ásamt hornpunktaskrá, þ.e. samkvæmt landamerkjabréfi fyrir jörðina 15. október 1886 sem fjallað verður um síðar.

Óbyggðanefnd kvað upp úrskurð 30. ágúst 2023 í máli nr. 8/2021. Var þar komist að þeirri niðurstöðu að fyrirbyggjandi heimildir styðji við afmörkun íslenska ríkisins á kröfusvæðinu. Væri Hornbjarg því að öllu leyti utan merkja jarða og þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Í málinu greinir aðila því á um

mörk eignarlands og þjóðlendu á Horni og jafnframt um gildi úrskurðar óbyggðanefndar um þetta atriði.

Skjöl og heimildir um Horn.

Í úrskurði óbyggðanefndar, sem birtur er á vef nefndarinnar, er fjallað um ýmis skjöl sem varða jörðina Horn og Hornbjarg. Víkur sögunni fyrst að Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín yfir Aðalvíkursveit frá 1710 en þar segir um jörðina:

Þessi <jörð> hefur legið í eyði síðan bóluna.

Jarðardýrleiki vi hndr., og svo tíundaðist meðan bygt var.

Eigandinn beneficium Hrafnseyri við Arnarfjörð.

[...]

Torfrista og stúnga lítt nýtandi. Eggver og fuglveiði af svartfyglu í Hornbjargi merkilega góð en stórlega erfið, því síga þarf fertugt og sextugt bjarg, og hefur ábúandi sjaldan verið so liðaður að hann hafi getað nýtt þetta eggver að fullu.

NB. Nokkrir vilja halda að þetta eggver í nefndu Hornbjargi sje almennigur og heyri ekki Horni til frammar en öðrum, sem brúka vilja, og því hafa margir þetta eggver í leyfisleysi brúkað ásamt Hornsmönnum. Horn á þá átölulaust land alt á bjarginu uppi, en almennígur er haldinn reki undir því, sem ýmsir nýta.

Grasatekja næg. Rekavon lítil fyrir jarðarinnar landi, en ábúandi brúkaði mest við úr almennígum til búsnauðsynja sinna.

Tún er grýtt og seinunnið. Engið spillist af vatni, sem jetur úr rótina, og engjavegurinn mjög erfiður. Hætt er kvikfje fyrir að hrapa fyrir Hornbjarg, einkanlega í stórviðrum, og verður oft mein að því. Kirkjuvegur bæjarleið lengri en áður segir um Höfn. Hreppamannaflutningur bæði illur og lánгур. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórviðrum.

Heimræði hefur hjer verið meðan bygt var, og lendíng sæmileg, og brúkaðist það heimræði jafnlega árið um kríng meðan fiskur var fyrir, og gekk eitt skip ábúanda, skjaldan fleiri.

Í lýsingu fyrir Bjarnarnes í sömu heimild segir um afmörkun gagnvart Horni og Smiðjuvík að Horn eigi „land við þessa almennínga að vestanverðu í Flæðihamar, en Smiðjuvík að austanverðu í hamar þann sem Lás kallast.“

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki jarðarinnar Horns metinn sex hundruð og var hún kirkjujörð frá Hrafnseyri. Aftast í lýsingum jarða á Hornströndum í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er skráð að í hreppnum séu tvö fuglabjörg, sem tilheyri ekki nokkurri jörð, en séu talin almenningar. Annað þeirra, Hælavíkurbjarg, gefi af sér 40 pund af fiðri en hitt, Hornbjarg, gefi af sér 160 pundum meira.

Í Jarðatali Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Horn metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem eign Hrafnseyrarkirkju. Þá segir í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849-1850:

9. Horn.

Að sönnu skagar jörð þessi langt út til hafs og er óperrasöm og erfíð til slæгна, en hægð til sjóar, útibeit á vetrum og landkostr, viðarreki töluverðr, fuglafli afarmikill úr bjargi og undan og hægð til viðskipta er svo atkvæðamikil, að jörðin skarar langt framúr meðaljörðum.

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin hafi verið metin á 228 ríkisbankadali.

Hinn 30. mars 1873 afhenti Jón Ásgeirsson, prestur á Hrafnseyri, Ásgeiri Magnússyni, bónda á Kleifum, tvær jarðir Hrafnseyrarkirkju; Bolungarvík, átta hundruð að fornu mati og Horn, sex hundruð að fornu mati. Í staðinn afhenti Ásgeir 12 hundruð að fornu mati í Kleifum í Seyðisfirði. Makaskiptabréf var þinglesið 27. júní 1874.

Landamerkjabréf Horns 15. október 1886 er undirritað um samþykki vegna Látravíkur 19. apríl 1913 og var því þinglýst þá um sumarið eins og síðar verður vikið að. Efni þess er svohljóðandi:

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Horn á Hornströndum

- 1. Landamerki milli Horns og Látravíkur eru 3 vörður ein varðan stendur á Sigmundarhjalla þar sem hann er hæstur og hinar beina sjónhending uppá fjallsbrún á Dugandisfelli og stendur sú hæsta á háfellinu.*
- 2. Landamerki milli Horns og hafnar eru 3 vörður sem standa beina sjónhending niður frá efstu vörðu á Dugandisfelli og niður*

Drifandisdal og stendur sú neðsta hjá drifandisfossi og undir fossinum er klettur herum 9 álnir á hæð sem er í beinni sjónhending svo út með ofæru á skipaklett þaðan með sjó að [Hornsá] þaðan að byrðingahlein með sjó að Kalli Þaðan að Þormóð, Þaðan í Hornklett þaðan og að næsta forvaða sem heitir Malarstrengur en til fjalls yst á Hornbjargi bjarg með brun ysta dal í miðfell fyrir sunnan miðfell miðdal í Kálfatind frá Honum ynsta dal í eylifstind í Skopnaberg þaðan í vörðu á Sigmundarhjalla.

Horni dag 15. október 1886

Undirskrifaðir eigendur

Stígur Stígsson

Elías Einarsson

Guðleifur Þorleifsson

Sem eigandi Látravíkur samþykkur Horni 29. apríl 1913

Guðm. Kristjánsson

[Á spássú] Hinn 22. Maí 1913 innf. Vmb.

2 – tvær kr. Gr.

Þingl. að Hesteyri 30/6 1913

Í Þjóðviljanum unga birtist svohljóðandi auglýsing 30. september 1898 frá Stíg og Elíasi á Horni:

Bann.

Við undirritaðir gjörum kunnugt, að við bönnum hér með einum og sérhverjum að troða land okkar, jörðina Horn á Hornströndum, til þess að sækja egg, eður fugl, í Hornbjarg, nema hver sigamaður láti til okkar hlut af festi, hvort sem í marga eður fáa staði er að skipta.

Þá var tilkynning um friðlýsingu Hornbjargs 12. maí 1913 þinglesin við manntalsþing að Hesteyri 30. júní 1913:

Við undirritaðir eigendur jarðarinnar Horns í Sléttuhrepp og Látravíkur í Grunnavíkurhrepp. Tilkynnum hérmeð að við friðlýsum allt Hornbjarg

sem telst til þessara jarða fyrir fugla og eggjatekju annarra manna. Ennfremur fyrirbjóðum við öllum óviðkomandi aðgang yfir lond vor til fugla- og eggjatekju í teðu bjargi nema með einstoku samþykki frá okkur eða samning samkvæmt réttum landslögum.

Horni, 12 Maí 1913,

Guðmundur Kristjánsson

Elías Einarsson

Rebekka Hjálmarsdóttir.

Við manntalsþing að Hesteyri 30. júní 1913 var einnig þinglesinn kaupsamningur Stígs Stígssonar og Ásgeirs Magnússonar á Horni 4. desember 1873. Þá var landamerkjaskrá jarðarinnar 15. október 1886 þinglesin við sama tilefni.

Í undirmati II að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916-1918 segir m.a. um jörðina að hún sé metin á 1.500 krónur. Fugla- og eggjatekja í Hornbjargi er nefnd undir liðnum „önnur jarðargæði og hlunnindi“.

Við manntalsþing að Höfða 21. júní 1926 var þinglesin friðlýsing eiganda Horns í Sléttuhreppi. Þá var við manntalsþing að Hesteyri sama dag einnig þinglesin friðlýsing eigenda Horns á eggverum, fuglatekju o.fl. Við þingið komu fram mótmæli Jónasar Dósópeussonar hreppstjóra sem skráð eru í dóma- og þingbók Ísafjarðarsýslu:

Í tilefni af friðlýsingarskjali eigenda Horns og Látravíkur, þeirri sem umræðu undir tölulið 4 hjer að ofan, mótmæli jeg Jónas Dósópeusson hreppstjóri hjer með fyrir mína hönd hreppsbúa ~~allra~~ og fyrir hreppsins hönd því, að friðlýsing þessi veiti þeim nokkurn ~~þann~~ rjett til eggja, fuglatekna eða annars veiðiskapar í eða á [Hornbjargi], annars en þann, er þeir áður hafa átt og jörðinni hafa fylgt.

Landskipti fóru fram á jörðinni 27. júní 1932. Túnið var mælt og reyndist 38.700 fermetrar að stærð að frádreginni götu og bæjarlóð, samtals 1.870 fermetrum. Túninu var skipt í hlutföllum milli fjögurra einstaklinga og sett niður merki á ysta túni og miðtúni en innsta tún var innan girðingar eins þeirra. Þá var fjallað um önnur svæði jarðarinnar og skiptingu þeirra milli einstaklinganna fjögurra.

Niðurstöður óbyggðanefndar.

Í niðurstöðukafla hins umþrætta úrskurðar kemur fram að þjóðlendukröfusvæði ríkisins taki til Hornbjargs, frá Horni að Almenningskarði. Að ofanverðu afmarkist kröfusvæðið af bjargbrún Hornbjargs og að neðanverðu af sjó. Óumdeilt eignarland Horns liggja að vestanverðu kröfusvæðinu og að því sunnanverðu óumdeilt eignarland Látravíkur. Að öðru leyti liggja kröfusvæðið að sjó og rísi það hæst í um 530 metra hæð í Kálfatindum. Tekið er fram að í athugun nefndarinnar felist ekki afstaða til merkja milli eignarlanda heldur sé markmið hennar að upplýsa um merki ágreiningssvæðanna og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða ágreiningssvæðin.

Í kaflanum „afmörkun“ er í upphafi vikið að landamerkjabréfinu frá 15. október 1886 sem áður er lýst. Fyrst sé merkjum lýst gagnvart Látravík um vörður á Sigmundarhjalla, þar sem hann er hæstur, og þaðan upp á háfellið á Dugandisfelli sem einnig er nefnt Dögunarfell. Því næst sé merkjum gagnvart Höfn lýst en svo lýsi bréfið merkjum meðfram sjó að Hornkletti og þaðan áfram í næsta forvaða sem heiti Malarstrengur. Þá liggja merki jarðarinnar til fjalls efst á Hornbjargi, merkjunum lýst eftir bjargbrúninni um hæstu tinda, Miðfell, Kálfatind, Eilífstind og Skófnaberg, og áfram í upphafspunkt.

Óbyggðanefnd tekur fram að samkvæmt örnefnaskráum fyrir Horn sé Hornklettur klettur við sjó undir Núpi, sem sé nyrst á Hornbjargi, norðan Ystadals. Þá gangi Malarstrengur undan Dyraskörðum, sem eru á milli Kálfatinda og Jörundar, samkvæmt örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir Horn. Dyraskörð séu talsvert sunnar á bjarginu en Hornklettur og Núpur en nefndur er sá möguleiki að örnefnið Malarstrengur sé notað um aðra staði við bjargið. Á hinn bóginn segi í landamerkjalýsingunni að til fjalls liggja merki Horns „yst á Hornbjargi bjarg með brun ysta dal í miðfell fyrir sunnan miðfell miðdal í Kálfatind“ og svo áfram suður með hæstu tindum við bjargbrúnina. Af þessum hluta lýsingarinnar megi ráða að merkin fari neðan frá sjó og upp á bjargbrúnina yst á Hornbjargi og fylgi svo bjargbrúninni fyrir ofan Ystadal, en ekki að merkin liggja meðfram sjó allt að þeim stað þar sem Malarstrengur er sagður vera í örnefnaskránni og þaðan til fjalls, enda væri línan þá ekki til fjalls yst á bjarginu, heldur nokkurn veginn á bjarginu miðju. Samkvæmt framangreindu virðist ekki vera samræmi í landamerkjalýsingunni ef miðað sé við þá staðsetningu Malarstrengs sem tilgreind er í örnefnaskrá. Merkjum jarðarinnar virðist annars vegar lýst meðfram sjó í Hornvík þar til komið sé yst á Hornbjarg og þaðan til fjalls upp á bjargbrúnina og eftir henni suður að

merkjum gagnvart Látravík. Sú lýsing beri með sér að bjargið sjálft, frá sjó og upp á bjargbrún sé utan merkja jarðarinnar. Hins vegar haldi merkjalýsingin meðfram sjó áfram út með Hornvík, norður fyrir bjargið og suður að Malarstreng, u.þ.b. miðja vegu milli nyrsta og syðsta hluta bjargsins samkvæmt örnefnaskrá. Því sé hins vegar ekki lýst hvernig línan sé dregin þaðan og að merkjum jarðarinnar á bjargbrún.

Í úrskurðinum kemur fram að ekki liggi fyrir eldri heimildir sem lýsa merkjum jarðarinnar. Ekki sé fyllilega ljóst hvað átt sé við með því í Jarðabók Árna og Páls að Horn eigi „átölulaust land alt á bjarginu uppi“ en að almenningur sé haldinn reki undir því, sem ýmsir noti. Orðalagið beri þó með sér að litið sé svo á að land í fjörunni undir Hornbjargi sé ekki hluti af landi Horns. Þá er vikið að jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 um fuglabjörg tvö sem tilheyri ekki nokkurri jörð. Því sé ekki lýst nánar hvernig álitid sé að björgin afmarkist gagnvart aðliggjandi jörðum.

Óbyggðanefnd víkur næst að skýrslu Stígs Stígssonar við aðalmeðferð málsins fyrir nefndinni en fyrir liggur að hann er fæddur á Horni árið 1930. Aðspurður um merki Horns hafi hann borið að jörðin hafi átt land allt upp á bjargbrún Hornbjargs en að bjargið sjálft, frá bjargbrún og niður í fjöru hafi verið almenningur þar sem allir hafi mátt síga. Stígur hafi kveðið þetta eiga við um bjargið allt, frá ysta hluta þess við Hornklett og að Almanningaskarði.

Þessar heimildir og skýrsla Stígs benda að mati óbyggðanefndar til þess að rétt sé að túlka landamerkjabréf Horns þannig að merki jarðarinnar liggi upp á bjargbrún yst á Hornbjargi við Hornklett og fylgi svo bjargbrúninni að Almanningaskarði. Þannig falli merkjalýsingar bréfsins líka saman og myndi órofa heildarlýsingu á merkjum jarðarinnar. Af þessu telur nefndin leiða að Hornbjarg, ofan frá bjargbrún að fjöru, frá Hornkletti í norðri að vörðu á Sigmundarhjalla í Almanningaskarði í suðri, falli utan við merki jarðarinnar Horns.

Því næst er í úrskurðinum fjallað nánar um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins. Af umfjöllun nefndarinnar um landnám á svæðinu verði ekki ráðið hvort ágreiningssvæði málsins hafi verið numin, enda séu landnámsmörk upp til fjalla og inn til lands ekki tiltekin. Að mati nefndarinnar mæli staðhættir þó frekar gegn því að ágreiningssvæðið sem hér um ræðir hafi verið numið. Nefndin fjallaði einnig almennt um þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afréttur við mat á sönnun um eignarhald á landi.

Óbyggðanefnd telur að í Jarðabók Árna og Páls virðist því vera mótmælt að Hornbjarg í heild sé almenningur, svo sem sumir haldi fram, þar sem Horn eigi átölulaust land allt á bjarginu uppi. Vera kunni að með framangreindu orðalagi sé átt við að litið hafi verið svo á að landeigendur á Horni hafi átt meiri rétt til bjargsins en aðrir þar sem land jarðarinnar náði út á bjargbrúnina. Hins vegar virðist ekki hafa verið litið svo á að bjargið allt hafi tilheyrt Horni, enda er aðeins vísað til þess að Horn eigi land allt á bjarginu uppi en að undir því sé almenningur, sem ýmsir nýti.

Næst viku óbyggðanefnd að jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 og jarðamati frá 1849-1850 sem áður er gerð grein fyrir. Þá hafi Þorvaldur Thoroddsen jarð- og landfræðingur farið rannsóknarferðir um Ísland á árunum 1882-1898 og birt afrakstur ferðanna í Ferðabók sinni. Sumarið 1886 hafi Þorvaldur farið um Hornstrandir og segi um Hornbjarg að það sé almenningur og einskis eins manns eign. Þangað sækji menn jafnvel sunnan úr Víkursveit og Grunnavík en lítið úr Aðalvík og víkunum þar fyrir norðan því þaðan sækji menn meira að Hælavíkurbjargi. Þorvaldur segi að hið eiginlega Hornbjarg nái frá Hornkletti í grasfles sem heiti Sleppir, norðvestan við Látravík.

Nefndin endurtekur umfjöllun um auglýsingu Stígs Stígssonar og Elíasar Einarssonar í Þjóðviljanum unga 30. september 1898 og friðlýsingar bjargsins við manntalsþing að Hesteyri 30. júní 1913 og Höfða 21. júní 1926. Þá segi í örnefnaskrá um Horn, sem skráð hafi verið eftir Bergmundi Stígssyni haustið 1940, en hreinrituð og aukin að frásögn 1966, að hið nafnkunna fuglabjarg Hornbjarg sé að meginhluta í landareign jarðarinnar Horns í Hornvík. Svo segi um bjargið:

Mælt er að bjargið sé almenningur frá fornu fari, þ.e. að öllum hafi verið heimilt að síga þar fyrir fugl og egg, þó að sú venja hafi skapast fyrir langa löngu, að Hornsbændur hefðu vissa hluta bjargsins til afnota og ávallt þá sömu, sem öðrum út í frá var þá talið óheimilt að síga í, að m.k. án leyfis bændanna á Horni.

Síðar í sömu örnefnaskrá segi að á Hornbjarg hafi aðeins sótt menn af Austur-Ströndum og úr Grunnavík auk Hornvíkinga sjálfra. Þó hafi það gerst að einstaka maður og stúlka innan úr sveitinni, þ.e. frá Aðalvík og Hesteyri, hafi fengið að fara þar á brún. Eins og áður segir hafi menn úr þeim hluta sveitarinnar aðallega sótt á Hælavíkurbjarg. Þá er vikið aftur að skýrslu Stígs Stígssonar fyrir nefndinni en þar hafi einnig komið fram

að Horn hafi farið í eyði þegar fjölskylda hans fluttist brott árið 1946. Muni hann því hafa verið meðal síðustu ábúenda á jörðinni.

Nefndin tekur fram að í þeim heimildum sem raktar eru í úrskurðinum sé Hornbjargs fyrst og fremst getið sem almennings og í tengslum við eggjatöku eða önnur sambærileg takmörkuð not þar sem öllum hafi verið heimil nýting svæðisins. Hins vegar virðist landeigendur á Horni, a.m.k. um tíma, hafa litið svo á að bjargið hafi, í heild eða að hluta, tilheyrt jörðinni. Í því sambandi vísar nefndin einkum til áður nefndra friðlýsinga landeigenda. Hins vegar telur nefndin að ekki verði séð að slíkt eignatilkall eigi sér stoð í öðrum gögnum málsins, auk þess sem heimildir séu um að a.m.k. annarri friðlýsingunni hafi verið mótmælt. Þess sé þó að gæta að samkvæmt landamerkjabréfi Horns eigi jörðin land allt út á bjargbrún auk þess sem heimildir séu um að venja hafi skapast fyrir því að Hornbændur hafi notið forgangs að ákveðnum svæðum í bjarginu. Þá sé ljóst að til þess að komast að bjarginu hafi þurft að fara yfir land Horns og jafnvel dvelja þar einhvern tíma. Kunni að hafa verið af því talsvert ónáði fyrir ábúendur, sbr. auglýsingu í Þjóðviljanum unga 30. september 1898.

Eftir að nefndin endurtekur niðurstöðu um að Hornbjarg falli utan merkja Horns er tæpt á almennum niðurstöðum nefndarinnar að því er varðar hugtakið almenning. Ekki hafi verið talið að hugtakið hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti að landi sem hafi verið í afréttarnotum en þó sé ekki útilokað að slík landsvæði finnist. Eins geti hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum. Bent sé á að heimildir um almenninga við sjávarsíðuna séu allnokkrar og þá sjaldan vísað sé í ákvæði Jónsbókar um almenninga virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða. Fram kemur að svo virðist sem fræðimenn hafi almennt verið sammála um að almenningar hafi verið til og í síðari tíma löggjöf og fræðiviðhorfum hafi yfirleitt verið við það miðað að almenningar væru landsvæði sem ekki væru háð beinum eignarrétti. Þær heimildir sem fyrir liggi í máli þessu bendi jafnframt til þess að landsvæðið sem hér er til umfjöllunar hafi ekki verið háð beinum eignarrétti og sé því þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Ekki séu heimildir um að landsvæðið hafi verið nýtt til sumarþeir fyrir sauðfé enda séu staðhættir þannig að það verði að teljast illmögulegt. Sé því að mati nefndarinnar ekki um að ræða landsvæði sem að staðaldri hafi verið notað til sumarþeir fyrir búfé í skilningi 1. gr. laganna og því ekki afréttur í þeim skilningi.

Óbyggðanefnd tekur fram að þótt landeigendur á Horni kunni á einhverjum tíma að hafa notið forgangs umfram aðra sem nýttu tiltekin afmörkuð svæði í Hornbjargi gefi

málatilbúnaður aðila og gögn málsins ekki til kynna um hvaða svæði hafi verið að ræða eða hvers eðlis forgangsrétturinn hafi verið. Umfang og eðli slíkra réttinda liggi því ekki fyrir og rannsókn nefndarinnar hafi ekki varpað ljósi á þau. Ekki hafi því verið sýnt fram á að eigendur Horns njóti tiltekinna óbeinna eignarréttinda innan þjóðlendunnar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd ekki hafa verið leitt í ljós að ef á annað borð hafi stofnast til eignarlands á kröfuvæðinu með námi, hefð eða öðrum stofnunarháttum eignarréttinda hafi hann haldist síðan. Rannsókn nefndarinnar leiði einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Var það niðurstaða nefndarinnar að Hornbjarg, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, væri þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

Upphafspunktur er í Hornkletti við sjó. Þaðan bein lína til fjalls á bjargbrún við Núp. Þaðan er bjargbrún Hornbjargs fylgt til suðurs að vörðu á Sigmundarhjalla í Almenningskarði. Þaðan bein lína til sjávar og svo eftir ströndinni norður að upphafspunkti í Hornkletti.

Meðferð máls þessa hefur tafist úr hófi. Dómari tók við málinu 1. nóvember 2024. Er málið var tekið fyrir 30. janúar 2025 óskuðu aðilar eftir því að meðferð þess yrði frestað til að finna hentugan tíma fyrir vettvangsgöngu en af hálfu aðila kom fram að vegna staðsetningar og aðstæðna yrði hún að líkindum ekki möguleg fyrr en haustið 2025. Fór dómari þess á leit að aðilar tryggðu að fært yrði að ganga á vettvang með tiltölulega skömmum fyrirvara á haustmánuðum. Með tölvubréfi dómara 21. ágúst 2025 voru lögmenn beðnir um að lýsa afstöðu sinni til þess að vettvangsganga færi fram 4. september 2025. Í svarbréfi lögmanns stefnenda 21. ágúst 2025 kom fram að bátur frá Norðurfirði væri hættur að ganga svo ekki væri raunhæft að ganga á vettvang að svo stöddu.

Dómari og lögmenn gengu á vettvang við upphaf aðalmeðferðar 26. febrúar sl. Var vettvangurinn skoðaður með rafrænum hætti með þrívíddarkorti með örnefnum og kröfulínunum. Lýstu aðilar sig sammála um þessa tilhögun og óskuðu eftir því að bókað yrði um að þeir telji hana sambærilega hefðbundinni vettvangsgöngu. Er það og afstaða dómsins.

Helstu málsástæður og lagarök stefnenda.

Í stefnu eru raktar ýmsar sögulegar heimildir um jörðina Horn sem ekki er að finna í úrskurði óbyggðanefndar og óþarft þykir að rekja hér sérstaklega. Því næst er fjallað um vernd eignarréttar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. fyrsta samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Hið umþrætta landsvæði sé eign stefnenda og geti því ekki talist þjóðlenda enda innan þinglýstra landamerkja jarðarinnar Horns að öllu leyti. Hafa beri í huga að hugtakið „eign“ í skilningi samningsviðaukans hafi sjálfstæða merkingu en átt sé við að við mat á því hvort um sé að ræða eign sem njóti verndar mannréttindasáttmálans þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis sem í hlut á. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum við mat á því hvort um eign sé að ræða. Mannréttindadómstóllinn hafi beitt mati með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig en við matið beri að líta til allra málsatvika í heild sinni. Við mat þetta hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum hvernig farið hafði verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn báru til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda, einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hefur verið fram við einstaklinga eða lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar þeirra um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti og afskiptaleysi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Þá byggja stefnendur einnig á sjónarmiðum sem dómstóllinn hefur lagt til grundvallar um lögættar væntingar.

Stefnendur byggja á því að landsvæðið, eins og það er afmarkað í úrskurði óbyggðanefndar, hafi frá öndverðu verið numið. Sá eignarréttur hafi ekki fallið niður síðan og sé því um eign stefnenda að ræða. Vísað er til frásagnar Landnámi um landnám Geirmundar heljarskinns en hann hafi farið vestur á Strandir og numið þar land frá Rytagnúp vestan til Horns og þaðan austur til Straumness. Þar hafi hann gert fjögur bú, eitt í Aðalvík, annað í Kjaransvík, þriðja á almenningum vestari og fjóra í Barðsvík. Þá hafi Geirmundur gefið Örlygi Böðvars Vígsterkssyni bú í Aðalvík og lönd þau, sem þar hafi legið til, en Örlygur hafi eignast Sléttu og Jökulsfirði. Landnáma hafi verið túlkuð þannig í dómum Hæstaréttar að hún styðji við beinan eignarrétt.

Stefnendur hafna alfarið þeirri ályktun óbyggðanefndar að staðhættir við Hornbjarg mæli á móti því að það hafi verið numið sérstaklega. Allt land á Hornströndum hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti og sé það almennt viðurkennt á

svæðinu, sbr. úrskurði nefndarinnar á svæði 10B. Nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað frá landnámi og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. svar Guðmundar Snorra Finnbogasonar, oddvita Sléttuhrepps 13. mars 1920 við fyrirspurn Stjórnarráðsins um almenninga. Þar komi fram að engin afréttarlönd séu í Sléttufirði. Nokkrir almenningar séu nefndir en ekki á Horni. Þá komi fram segi í jarðabók Árna og Páls um Horn: „Afrétt fyrir lömb og geldfje á nje brúkar þessi sveit öngva, heldur gengur það jafnan í búfjárhögum og upp frá þeim á fjallgarðinn frá hverri jörð.“ Þá telja stefnendur að með orðinu almenningur í sömu heimild sé átt við nýtingarrétt í bjarginu en ekki eignarrétt.

Að mati stefnenda horfi óbyggðanefnd fram hjá því að sambærileg lönd, sem eru aðliggjandi kröfusvæðinu, séu öll viðurkennd eignarlönd. Þá megi nefna fjölmörg björg sem talin hafi verið numin víðsvegar um Ísland og viðurkennd sem eignarland, t.d. Látrabjarg. Þrætusvæðið eigi að falla í sama flokk enda sambærilegt land að gæðum og uppruna og eignarréttur sambærilega skráður. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að svæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Stefnendur byggja eignarréttarkröfu sína einnig á þeirri meginreglu íslensks eignarréttar að jörð með þinglýstum landamerkjum sé eignarland og að sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrði fyrir því. Við setningu landamerkjaganna nr. 5/1882 og síðan laga nr. 41/1919, hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarðeigna, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnunum hverjum í sínu umdæmi borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekki kveðið á um það hvaða land eða landgæði fylgi jörðum eða öðrum fasteignum enda var ekkert um það deilt, þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar, þar með talið kletta og björg sem séu hluti jarðarinnar. Þannig virðist ljóst allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag að landeigandi hafi átt beit og annan gróður á jörð sinni, þ.m.t. rétt til nýtingar á björgum, s.s. eggjatöku. Með vísan til landamerkjaganna og tilgangs þeirra er á því byggt að landamerkjabréf þau er lýsa merkjum gagnvart jörðinni bendi til þess að um sé að ræða landsvæði sem háð er beinum eignarrétti.

Stefnendur vísa sérstaklega til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt landeigenda Horns í gegnum tíðina. Byggi krafa stefnenda m.a. á þinglýstum afsölum, sýslu- og sóknalýsingum, jarðamötum og jarðabókum og fleiri skjölum er varða Horn. Krafa stefnenda byggi sérstaklega á þinglýstu landamerkjabréfi fyrir jörðina Horn á Hornströndum, dags. 15. október 1886, þar sem merkjum jarðarinnar sé lýst. Stefnendur mótmæla röksemdum óbyggðanefndar um túlkun landamerkjabréfsins alfarið. Þá telja stefnendur ljóst að í úrskurði nefndarinnar gæti ákveðins misskilnings þess efnis að bjargsins sé lýst eða getið sem almennings í Jarðabók Árna og Páls og jarðamati frá 1804. Ljóst sé að í fyrrnefndu heimildinni komi fram að almenningur hafi brúkað eggver í Hornbjargi í leyfisleysi. Hvergi virðist unnt að finna umfjöllun um annars konar nýtingu almennings í landi Horns en að því leyti er taki til eggjatöku í bjarginu. Þá komi skýrlega fram að Horn eigi átölulaust land allt á bjarginu uppi. Þá komi fram í jarðamati 1849-1859 að landkostir jarðarinnar, þ.m.t. viðarreki og fuglaflí afarmikill úr bjargi og undan valdi því að jörðin skari langt fram úr meðaljörðum. Í jarðamatinu 1916-1918 segi m.a. um jarðargæði og hlunnindi Horns að það sé „fugla- og eggjatekja í Hornbjargi.“

Stefnendur benda á að eigendur Horns hafi látið friðlýsa Hornbjargið og öðru landi þeirra fyrir eggja- og fuglatöku bæði 30. júní 1913 og 21. júní 1926. Í örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar frá 1940 komi einnig fram að sú venja hafi skapast fyrir langa löngu að Hornsbændur hefðu vissa hluta bjargsins til afnota og ávallt þá sömu, sem öðrum út í frá hafi verið talið óheimilt að síga í án leyfis bændanna á Horni. Í sömu örnefnaskrá komi fram að Hornbjarg sé að meginhluta í landareign jarðarinnar Horns. Telja stefnendur því ljóst að hér sé um að ræða landssvæði sem háð sé beinum eignarrétti. Orðið „almenningur“ um bjargið að hluta vísi því fremur til nýtingar en til eignarréttarlegrar stöðu. Ekki geti því verið um þjóðlendu að ræða. Telja stefnendur rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki og að merki jarðarinnar nái til sjávar að meðtöldu berginu að teknu tilliti til og til samræmis við orðalag fyrirliggjandi heimilda og legu jarða á svæðinu almennt.

Stefnendur byggja á því að engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti eða eignarréttur á því týnst. Þau fáu skrif, sem til séu um svæðið, bendi einmitt til hins gagnstæða. Jörðin hafi verið í eigu Hrafnseyrarkirkju fram eftir öldum eða allt þar til Ásgeir Magnússon, bóndi á Kleifum, hafi fengið jörðina í makaskiptum 30. mars 1873 og hafi hún verið í einkaeigu allar götur síðan. Samkvæmt

Þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu sé ljóst að allt sameiginlegt og óskipt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsing landeigenda hljóðar á um, sé háð beinum eignarrétti og tilheyri allt land innan þeirra merkja jörðinni.

Í stefnu er fjallað um notkun, staðhætti og gróðurfar á hinu umþrætta landsvæði en þessir þættir styðji við þá niðurstöðu að jörðin sé öll undirorpin beinum eignarrétti. Jörðin, þar með talið bjargið, sé aðliggjandi landsvæðum sem talin hafi verið til lands jarða allt frá landnámi. Það fáist heldur ekki staðist jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu að Hornbjargið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en sambærileg landsvæði, t.d. Látrabjarg. Svæðið hafi verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að svæðið var numið. Hins vegar hafi sveitamennt haft rétt til nýtingar bjargsins til eggjatöku að hluta, nokkurs konar ítaksrétt, sem fremur bendi til eignarréttar. Þá hafi skattar og önnur lögboðin gjöld verið greidd af öllu landinu. Hafi eignarréttur landeigenda verið virtur af öllum, m.a. stefnda, frá ómunatíð sem hafi m.a. lýst sér í því að þeir hafi getað bannað öðrum not eignarinnar. Réttur stefnenda hafi verið virtur í öllum viðskiptum varðandi jörðina og byggi eignarhaldið því enn fremur á viðskiptavenju.

Í stefnu er fjallað um venju- og hefðarsjónarmið en fullur hefðartími sé liðinn frá því að þeir hafi tekið landið til einkanota. Öll afnot landsins séu háð leyfi landeigenda og enginn hafi notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands í opinberri eigu hljóti þeim mun fremur að hefða land sem ekki er háð eignarrétti. Fræðimenn hafi talið að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur um afrétt eða almenning sé að ræða, ef skilyrði hefðar eru á annað borð uppfyllt. Gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla. Jafnframt telji fræðimenn að slaka beri á kröfum til eignarhalds eftir því sem verðmæti og aðstæður gefi minna tilefni til víðtækra umráða og fjölbreyttra nota. Því sé alls ekki haldið fram að hið umþrætta landsvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum heldur séu sjónarmið um hefð til staðfestingar námi.

Í ljósi heimilda um jörðina Horn telja stefnendur að þeir hafi réttmæta ástæðu til að ætla að hið umþrætta svæði sé fullkomin eign þeirra. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmálans. Lög nr. 58/1998 verði ekki skýrð á þá leið að stefnendur þurfi að sýna frekar fram á en þegar hefur verið gert að svæðið sé utan þjóðlendu. Kröfugerð landeigenda byggi m.a. á

þinglýstum afsölum og eignarheimildum og þinglýstum landamerkjabréfum. Á því er byggt að landamerkjabréf jarðarinnar séu löglega úr garði gerð og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Jörðin sé skráð í veðmálabækur með hefðbundnum hætti. Engin tilraun sé gerð í úrskurði óbyggðanefndar til að rökstyðja hvers vegna um tvískiptan eignarrétt sé að ræða á jörðinni. Spyrja megi hversu langt inn á eignarland nái bjargið. Hér falli venjuréttur, lögættar væntingar og hefð saman og leiði til þess að réttindi sem fylgja jörðinni tilheyri stefnendum. Sú óhóflega sönnunarbyrði sem óbyggðanefnd hafi lagt á stefnendur með því að krefjast sannana um framsal eignarréttar á landinu frá landnámi standist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Loks telja stefnendur að ef ekki verði fallist á að eignarheimildir þeirra teljist fullnægjandi sé verið að mismuna eigendum jarðeigna með því að gera aðrar kröfur til þeirra um sönnun en annarra landeigenda á Íslandi. Vísað er til 14. gr. mannréttindasáttmálans í þessu sambandi og feli málsmeðferð óbyggðanefndar jafnframt í sér brot gegn 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að Hornbjarg, eins og svæðið er afmarkað í úrskurði óbyggðanefndar, sé svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998 og í samræmi við kröfulýsingu, greinargerð fyrir óbyggðanefnd, breytinga á kröfugerð og úrskurði nefndarinnar í máli nr. 5/2021. Stefndi gerir forsendur og niðurstöðu óbyggðanefndar að málsástæðum sínum til stuðnings sýknu í málinu.

Í greinargerð stefnda er fjallað heimildagildi Landnámu en ekki verði dregnar afdráttarlausar ályktanir af frásögn hennar um landnám á því svæði sem ágreiningur aðila varðar. Jafnvel þótt lagt yrði til grundvallar að a.m.k. hluti svæðisins hafi verið numinn í öndverðu geti það eitt og sér ekki skorið með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þannig geti aðstæður verið með þeim hætti að engin gögn liggja fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirrar beinu eignarréttinda sem kunni að hafa stofnast með námi. Þá geti beinn eignarréttur fallið niður og land í kjölfarið verið tekið til annarra takmarkaðra nota. Í dómum Hæstaréttar hafi verið lagt til grundvallar að landnám í öndverðu hafi ekki verið bundið við beinan eignarrétt heldur hafi land jafnframt verið numið til afnota. Að mati stefnda liggja ekki fyrir gögn um það að til beinna eignarréttinda hafi stofnast í öndverðu í Hornbjargi en dæmi séu um slíkt, t.d. Grænuhlíð. Verði hins vegar talið að beinn eignarréttur hafi stofnast í öndverðu er byggt á því að

hann hafi fallið niður og landið síðan verið tekið til takmarkaðra nota af aðilum sem ekki hafi leitt rétt sinn frá rétti fyrri eigenda.

Stefndi byggir á því að sá sem heldur fram beinum eignarrétti á landi beri sönnunarbyrðina fyrir þeirri staðhæfingu og beri viðkomandi að styðja málatilbúnað sinn með viðhlítandi heimildum. Að mati stefnda hefur stefnendum ekki tekist slík sönnun. Úrskurður óbyggðanefndar í máli 8/2021 sé byggður á umfangsmikilli upplýsingaöflun og rannsóknum nefndarinnar, kerfisbundinni leit Þjóðskjalasafns Íslands að gögnum, framlögðum skjölum málsaðila og skýrslum sem gefnar voru fyrir nefndinni.

Stefndi bendir á að samkvæmt landamerkjabréfi Horns sé land jarðarinnar afmarkað „yst á Hornbjargi bjarg með brun ysta dal í miðfell fyrir sunnan miðfell miðdal í Kálfatind“ og svo þaðan áfram suður með hæstu tindum við bjargbrúnina. Í þessari lýsingu felst að mati stefnda að Hornbjargið, þ.e. frá bjargbrún og að sjó, sé utan eignarlands Horns. Sömu ályktun megi draga af skriflegum heimildum, þ. á m. lýsingu í Jarðabók Árna og Páls og jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804. Þá vísar stefndi til skýrslu Stígs Stígssonar, eins stefnenda, fyrir nefndinni sem áður er fjallað um. Framburðurinn sé í samræmi við skriflegar heimildir, þ. á m. umfjöllun Þorvaldar Thoroddsen og örnefndaskrá Bergmundar Stígssonar frá 1940. Tekur stefndi undir með óbyggðanefnd að túlka beri landamerkjabréf Horns með hliðsjón af framburði Stígs þannig að merkin liggi uppi á bjargbrúninni yst á Hornbjargi við Hornklett og fylgi svo bjargbrúninni að Almanningaskarði.

Hvað varðar málsástæðu stefnenda um að þeir hafi öðlast beinan eignarrétt á grundvelli hefðar telur stefndi til þess að líta að ekkert liggi fyrir um annað en að þrætusvæðið allt, eða einstakir hlutar þess, hafi einungis verið nýtt til takmarkaðra nota, nánar tiltekið til eggjatöku. Þá muni svæðið ekki hafa verið nýtt til sumarbeitar. Fyrir liggi fjöldi dóma Hæstaréttar þar sem staðfest hafi verið að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeita og e.t.v. önnur takmörkuð notkun utan eignarlands séu ekki talin nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að slíkum svæðum. Geti nýting með eggjatöku ekki uppfyllt kröfur 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Stefndi hafnar því með vísan til sömu sjónarmiða að stefnendur eigi rétt til þrætusvæðisins á grundvelli réttmætra væntinga. Þá hafnar stefndi því að málsmeðferð og úrskurður óbyggðanefndar brjóti gegn mannréttindasáttmála Evrópu. Séu reglur um sönnunarbyrði um eignarrétt að landi ekki í andstöðu við sáttmálann.

Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila snýr að því hvort fella beri úr gildi úrskurð óbyggðanefndar að því leyti sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Hornbjarg, eins og það er afmarkað í úrskurðinum, sé þjóðlenda. Stefnendur telja svæðið til eignarlands síns og byggja á því að viðurkenna beri beinan eignarrétt þeirra að svæðinu. Til vara er krafist viðurkenningar á hefðbundnum afnotarétti stefnenda. Stefndi hefur gert rökstuðning óbyggðanefndar að málsástæðum sínum til stuðnings sýknu. Í málinu er ekki deilt um afmörkun svæðisins heldur eignarréttarlega stöðu þess.

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur, er fjallað um sönnun við meðferð þjóðlendumála. Tekið er fram að ekki verði settar sérstakar sönnunarreglur eða lagaskilyrði fyrir því að land teljist eignarland í merkingu laganna heldur ráðist það af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum sem færðar verði fram í hverju tilviki. Með lagasetningunni var þannig ekki stefnt að því að skerða eignarrétt eða raska réttindum með því að taka eignir af mönnum heldur að ganga úr skugga um það hvort viðhlítandi heimildir væru fyrir eignarrétti. Skipan mála var hins vegar breytt með lögunum að því leyti að eigandalaust land var fellt undir eignarráð stefnda, sbr. t.d. *dóm Hæstaréttar Íslands 21. október 2004 í máli nr. 48/2004*. Stefnendur bera samkvæmt framangreindu sönnunarbyrðina fyrir því að þeir eigi beinan eignarrétt að því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Eins og málið hefur verið lagt fyrir dóminn verður einkum kannað hvort óbyggðanefnd verður talin hafa dregið forsvaranlegar ályktanir af þeim gögnum og heimildum um ágreiningsvæðið sem fyrir lágu við rannsókn nefndarinnar. Við þá könnun er einnig litið til skjala sem lögð hafa verið fyrir dóminn.

Í frásögn Landnámu af landnámi Geirmundar heljarskinns er sérstaklega minnst á Horn. Getur dómurinn ekki fallist á það með óbyggðanefnd að staðhættir mæli sérstaklega gegn því að Hornbjarg hafi verið numið. Er þar horft til þess að almennt verður að gera ráð fyrir því að land við sjávarsíðuna hafi verið numið frá öndverðu. Verður ekki séð að nokkuð bendi til þess að landnámsmenn hafi litið svo á að einstakir klettur eða björg hafi fallið utan landnáms síns og benda lýsingar Landnámu frekar til þess að nám hafi heilt á litið verið samfellt. Ekki liggja hins vegar fyrir gögn sem stutt geta nákvæmar ályktanir um þetta.

Hér að framan er gerð grein fyrir heimildum um Hornbjarg og not af því. Kemur þar fyrir orðið „almeningur“, fyrst í Jarðabók Árna og Páls frá 1710 en einnig í jarðamati

Ísafjarðarsýslu frá 1804 og Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen af ferð hans um Hornstrandir 1886. Í úrskurði óbyggðanefndar kemur fram að ekki sé fyllilega ljóst hvað átt sé við með því í Jarðabókinni að Horn eigi „átölulaust land alt á bjarginu uppi“ en „almennitur“ sé haldinn reki undir því. Þá er skýrsla Stígs Stígssonar, eins stefnenda, um þetta atriði fyrir nefndinni sett ásamt þessum heimildum í samhengi við landamerkjabréf jarðarinnar sem fjallað verður sérstaklega um síðar.

Dómurinn hefur í huga að hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrir og síðar líkt og fram kemur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Hugtakið hefur þannig allt eins verið notað um rétt til nytja tiltekins landsvæðis og í tilteknum tilgangi. Þegar kemur að fuglabjörgum eins og Hornbjargi standa líkur til þess að litið hafi verið svo á að um hafi verið að ræða slík gæði að þær jarðir sem að þeim liggja gætu ekki átt einkarétt að eggja- og fuglatöku, sbr. t.d. áðurnefnda skýrslu Stígs fyrir nefndinni:

Þeir hafa talið nauðsynlegt að hafa þetta sem almenning, af því að þetta var svo mikil matarkista.

Ef rýnt er í lýsingu Jarðabókar Árna og Páls frá 1710 er ekkert fullyrt um það hvort bjargið sé almenningur, eða nánar tiltekið eggver í bjarginu, heldur þvert á móti gefið til kynna að það sé álit einhverra manna.

NB. Nokkrir vilja halda að þetta eggver í nefndu Hornbjargi sje almenningur [...]

Þá er tekið fram að margir hafi þetta eggver brúkað ásamt Hornsmönnum „í leyfisleysi“. Jafnframt samræmist orðalag í sömu heimild um reka, þ.e.a.s. að „almennitur er haldinn reki undir því, sem ýmsir nýta“, þeirri ályktun að átt sé við nýtingarrétt. Hvað eggjatöku varðar er skýrsla Stígs síst því til staðfestingar að með orðinu almenningur geti ekki verið átt við nýtingarrétt þar sem hann tekur fram, til nánari skýringar á hugtakinu:

Það var almenningur. Það máttu allir síga.

Sambærileg áréttning kemur fyrir í örnefnaskrá um Horn frá 1940, sem skráð er eftir Bergmundi Stígssyni, en hreinrituð og aukin 1966:

Mælt er að bjargið sé almenningur frá fornu fari, þ.e. að öllum hafi verið heimilt að síga þar fyrir fugl og egg [...]

Þá liggur jafnframt fyrir, eins og lýsing Jarðabókar Árna og Páls varpar ljósi á, að í gegnum tíðina hafa menn ekki verið á eitt sáttir um nýtingarrétt í bjarginu. Hér að framan eru raktar heimildir allt fram á 20. öld um tilraunir eigenda Horns og annarra landeigenda á svæðinu til að friðlýsa bjargið og mótmæli Jónasar Dósópeussonar hreppstjóra „fyrir mína hönd hreppsþúa og fyrir hreppsins hönd“. Þá lýsingu aftast í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804, um að Horn- og Hælavíkurbjarg „tilheyri ekki nokkurri jörð“, og svipuð ummæli í Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen, verður að skoða í því ljósi að menn hefur greint á um þetta. Til stuðnings þeirri niðurstöðu að um eign Hornsbænda hafi verið að ræða má sem dæmi nefna títtnefnda lýsingu í Jarðabók Árna og Páls, einkum orðalagið „í leyfisleysi“, umfjöllun jarðamats 1849-1850 um landkosti jarðarinnar, þ.m.t. viðarreka og fuglafla, og jarðamats 1916-1918 um jarðargæði og hlunnindi Horns, þ.e. fugla- og eggjatekju í Hornbjargi.

Að framangreindu virtu getur dómurinn ekki lagt til grundvallar að haft geti úrslitaáhrif í máli þessu þótt rætt sé um Hornbjarg sem almenning, eða að almenningur sé í því, í framangreindum heimildum. Sama á við um þá staðreynd að ágreiningur hafi verið um eignar- og nýtingarrétt í bjarginu. Hins vegar verður að fallast á það með óbyggðanefnd og stefnda að þessi atriði teljist hluti af heildarmati um það hvort stefnendum hafi tekist sönnun um það að um eignarland þeirra sé að ræða.

Víkur þá sögunni að landamerkjabréfi jarðarinnar Horns 15. október 1886. Stefnendur byggja á því að bréfið hafi að geyma þinglýst landamerki og rétt túlkun á texta þess sýni að Hornbjarg teljist innan, en ekki utan, marka jarðarinnar.

Skoðun á gögnum málsins og staðháttum við vettvangsgöngu leiðir í ljós að þar fléttast saman lýsing á eiginlegum merkjum Horns við talningu örnefna á mörkum jarðarinnar. Þetta má ljóst vera af lýsingu bréfsins á „merkjum“ hinu megin á Horni, þ.e. frá eiginlegum merkjum Horns gagnvart jörðinni Höfn og að Hornbjargi. Þar koma t.d. fyrir örnefnin Hornsá, Byrðingahlein, Kall og Þormóður en ekki er um landamerki að ræða í þeim skilningi að þessi fyrirbæri marki eign Hornsbænda gagnvart öðrum. Þannig

er ekki um landamerki milli Horns og Hafnar að ræða þótt lýsingin sé sett fram undir sama tölulið í bréfinu. Þannig er rökrétt að álykta að bréfið geymi, þar sem eiginlegum landamerkjum Horns sleppir, einnig talningu á fyrirbærum við mörk jarðarinnar sem kunni þá jafnframt að teljast til hennar eftir atvikum.

Talningu bréfsins á örnefnum þegar komið er að Hornbjargi verður að mati dómsins að skoða í þessu samhengi. Andspænis þessum bakgrunni er ekkert dularfullt við það að í landamerkjabréfinu sé farið frá Hornkletti og „að næsta forvaða“, þ.e. Malarstreng, en síðan talin upp örnefni meðfram bjarginu. Sú staðreynd að minnst er á Malarstreng, þ.e. forvaða sem getur eðli málsins samkvæmt ekki legið á bjargbrún, veitir að áliti dómsins vísbendingu um að hugmynd þess er haldið hefur á penna hefur ekki verið sú að lýsa eiginlegum merkjum jarðarinnar eftir bjargbrúninni. Getur dómurinn ekki fallist á það að merkjalýsingar bréfsins „falli saman og myndi órofa heildarlýsingu á merkjum jarðarinnar“, líkt og segir í úrskurði óbyggðanefndar, með því að líta fram hjá því að forvaðans Malarstrengs sé þar getið. Samkvæmt framangreindu verður að mati dómsins að fallast á það með stefnendum að Hornbjarg komi fyrir í texta bréfsins sem hluti jarðarinnar Horns, líkt og við á um fyrirbærin Karl, Þormóð og Hornsá svo dæmi séu tekin.

Það styrkir þessa niðurstöðu enn frekar að bréfið var þinglesið við manntalsþing að Hesteyri 30. júní 1913. Er að mati dómsins ósennilegt að eigendur jarðarinnar hefðu hlutast til um að þinglesin yrði tilkynning um friðlýsingu Hornbjargs, þar sem fram kemur að það teljist til jarðanna Horns og Látravíkur, samtímis því sem þinglesið yrði landamerkjabréf sem þeir teldu marka bjargið utan eignarlanda sinna.

Með vísan til þess sem hér hefur komið fram telur dómurinn að fallast verði á það með stefnendum að óbyggðanefnd hafi dregið of víðtækar ályktanir af texta landamerkjabréfsins við mótun niðurstöðu sinnar um eignarréttarlega stöðu Hornbjargs. Veitir landamerkjabréfið að áliti dómsins, eins og það verður skilið samkvæmt framansögðu og ásamt heildarmati á öðrum gögnum málsins, lögfulla sönnun fyrir því að ágreiningssvæðið hafi verið talið tilheyrja jörðinni Horni þegar bréfið var þinglesið sumarið 1913. Þá bendir ekkert til þess að sá þinglesni eignarréttur hafi fallið niður síðan og er hlunninda Hornsbænda af bjarginu t.d. getið athugasemdalaust í jarðamati 1916-1918 svo sem áður greinir. Það fær þessari niðurstöðu hvorki breytt þótt aðrir en eigendur Horns hafi samkvæmt gögnum málsins notið takmarkaðs réttar til að nytja bjargið í

gegnum tíðina né að einhverjir hafi skilið þá staðreynd með þeim hætti að bjargið tilheyrði ekki jörðinni.

Samkvæmt öllu framangreindu er það því niðurstaða dómsins að úrskurður óbyggðanefndar sé haldinn efnislegum annmarka sem er af því tagi að fallast ber á dómkröfur stefnenda um ógildingu hans að hluta eins og nánar greinir í dómsorði. Þá ber jafnframt að fallast á kröfu stefnenda um viðurkenningu þess að innan ágreiningssvæðisins sé ekki þjóðlenda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.

Stefnendur fengu gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra 26. febrúar 2024. Gjafsóknarkostnaður stefnenda greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns þeirra, sem þykir hæfilega ákveðin 2.565.000 krónur. Í samræmi við dómvenju er sú þóknun ákveðin án tillits til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnenda flutti málið Ólafur Björnsson lögmaður en af hálfu stefnda Sigurgeir Valsson lögmaður.

Oddur Þorri Viðarsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Uppkvaðning tafðist umfram fjórar vikur frá því að málið var dómtekið en fyrir liggja yfirlýsingar aðila um að þeir telji ekki þörf á því að það verði flutt að nýju, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Er það jafnframt mat dómara. Dómari tók við málinu 1. nóvember 2024 en hafði fram til þess tíma engin afskipti af meðferð þess.

Dómsorð:

Felldur er úr gildi úrskurður óbyggðanefndar 30. ágúst 2023 í máli nr. 8/2021, að því leyti sem þar var kveðið á um að landsvæði innan svofelldra marka sé þjóðlenda: „Upphafspunktur er í Hornkletti við sjó. Þaðan bein lína til fjalls á bjargbrún við Núp. Þaðan er bjargbrún Hornbjargs fylgt til suðurs að vörðu á Sigmundarhjalla í Almenningskarði. Þaðan bein lína til sjávar og svo eftir ströndinni norður að upphafspunkti í Hornkletti.“

Viðurkennt er að innan framangreinds landsvæðis er engin þjóðlenda.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns þeirra, Ólafs Björnssonar, 2.565.000 krónur.

Oddur Þorri Viðarsson